



Apríl 2010

Pingskjal 5.3

Stefnumótun ASÍ í málefnum lífeyrissjóðanna

Á ársfundi ASÍ í október 2009 var samþykkt ályktun um heildarendurskoðun á stefnu ASÍ í málefnum lífeyrissjóðanna. Sú vinna skyldi fara fram með víðtækri og almennri umræðu meðal aðildarsamtaka sambandsins með það að markmiði að endurskoða stefnu ASÍ í lífeyrismálum og skilgreina helstu samningsmarkmið í viðræðum við SA.

Til þess að hefja þessa vinnu var haldinn tveggja daga stefnumótunarfundur á Selfossi dagana 18.-19. febrúar 2010 þar sem fulltrúum frá öllum aðildarfélögum ASÍ var boðin þátttaka. Til fundarins mættu ríflega 70 fulltrúar frá fjölda aðildarfélaganna sem skilgreindu framtíðaráherslur hreyfingarinnar í málefnum lífeyrissjóðanna. Málefnið var rætt út frá fjórum megin viðfangsefnum þ.e.; Hugmyndafræði kerfisins, lífeyrisréttindin, stjórnkerfi lífeyrissjóðanna og eignir lífeyrissjóðanna.

Í stefnumótunavinnunni kom fram skýr vilji til þess að lífeyrissjóðakerfið grundvallaðist áfram á **skylduaðild, samtryggingu, sjóðasöfnun og sjálfbærni kynslóðanna**. Áhersla var lögð á að kerfið byggði áfram á **kjarasamningiaðila** vinnumarkaðarins sem fari sameiginlega með gæslu og ábyrgð á rekstri sjóðanna. Þrátt fyrir þessa áherslu á ekki aðað hrófla við meginstoðum og hugmyndafræði kerfisins og byggja áfram á fulltrúalýðræði í stjórnnum sjóðanna. Kom fram í stefnumótuninni rík krafa um **aukið gagnsæi** í stjórnkerfi og allri upplýsingagjöf sjóðanna sem gefur sjóðfélögum betri yfirsýn og möguleika til aðhalds með starfseminni hverju sinni. Einnig er nauðsynlegt að tryggja **aðkynjahlutfall stjórna** endurspegli betur sjóðfélagahópinn.

Mikil áhersla var lögð á að lífeyrissjóðirnir setji sér reglur um **siðferði og samfélagslega ábyrgð** bæði hvað varðar fjárfestingar sínar og innri starfsemi. Þetta er brýnt svo auka megi tiltrú og tryggja að atburðir líkt og þeir sem áttu sér stað í samfélagi okkar á liðnum árum endurtaki sig ekki. Í ljósi þeirra áfalla sem sjóðirnir urðu fyrir í kjölfar efnahagshrunsins er einnig brýnt að sjóðirnir setji sér stefnu um það með hvaða hætti þeir hyggist **fylgja fjárfestingum sínum eftir** og sömuleiðis verði **áhættudreifing** aukin.

Fulltrúar í stefnumótunavinnunni settu fram skýra kröfu um að lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði verði **jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna** sem hafa, óháð ávöxtun sjóðanna á hverjum tíma, launagreiðendaábyrgð á lífeyrisréttindum sínum. Þessi krafa verður enn meira aðkallandi nú þegarsjóðir launafólks á almennum markaði þurfa að skerða réttindi

lífeyrisþega sinna til þess að rétta stöðu sína á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna eru tryggð með skattfé og standa óhöggð.

Þung áhersla var í umræðunum á nauðsyn þess að skýra **verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóðanna** betur og tryggja að launafólk hafi raunverulega bætta hag af því á efri árum að greiða iðgjöld til samtryggingarsjóða á starfsævinni. Sveigjanleiki í starfslokum er einnig mikilvægur og til að auka hann skuli stefna að því gera **séreignarsparnað að skyldusparnaði** fyrir allt launafólk. Þá er einnig horft til þess að auka þurfi verulega **áherslu á endurhæfingu** þeirra sem missa starfsorku til þess að tryggja eins og kostur er áframhaldandi þátttöku á vinnumarkaði.

Hér að neðan er að finna drög að nýrri stefnu ASÍ í lífeyrismálum sem unnin er í samræmi við þau áhersluefni sem fram komu í stefnumótunarvinnu aðildarfélaganna og önnuratriði sem brýnt er að gera breytingar á varðandi málaflökkinn.

DRÖG

Drög að stefnu ASÍ í lífeyrismálum

Lífeyriskerfið

- Skylduaðild / Samtrygging / Sjóðsöfnun / Sjálfbærni kynslóða
- **Kjarasamningsbundið kerfi á forræði aðila vinnumarkaðarins**
 - Skylduaðild á stéttarfélagsgrunni
 - Heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins séu vörsluaðilar lífeyriskerfisins (ASÍ og SA). Þau fjalli um málefni sjóðanna út frá heildarhagsmunum en æðsta forysta þeirra taki ekki sæti í stjórnnum einstakra sjóða
 - Ársfundur lífeyrissjóða almenna vinnumarkaðarins. Aðal- og varamenn í stjórnnum lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ / SA hittist á sameiginlegum ársfundi fyrir lok mars ár hvert til að fara yfir stöðu kerfisins og ræða nauðsynlegar úrbætur
- **Skýrari verkaskipting milli TR og lífeyrissjóðanna**
 - **Ellilífeyrir.** Tryggja þarf að sjóðfélagar hafi hag af því að greiða í lífeyrissjóð. Þetta verður best gert með því að hækka frítekjumörk í almannatryggingakerfinu.
 - Stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins geri með sér samkomulag nú þegar, með tímasettri áætlun, um að þegar þjóðarhagur vænkast verði það forgangsmál að hækka frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna í 65-70 þ.kr. á mánuði að núvirði
 - Horfið verði frá tekjutenginum milli heilbrigðiskerfisins og lífeyristekna í gjaldtöku á dvalar – og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða
 - **Örorka: Kannaður verði grundvöllur þess að TR greiði grunnlífeyri og lífeyrissjóðirnir tekjutengdan lífeyri**
 - Bætur fyrir endurhæfingu: Forsenda örorkubóta verði endurhæfing
 - Tryggja öfluga starfsendurhæfingu með skilgreindum réttindum einstaklinga
 - Kannaður verði grundvöllur þess að tekjuviðmið í örorku verði eingöngu gagnvart atvinnutekjum ekki tekjum frá TR
- **Séreignasparnaður gerður að skyldusparnaði**
 - Með því má jafna möguleika launafólks til að flýta starfslokum

- **Alþingi setji lög um jöfnun lífeyrisréttinda**
 - Afnema þarf framvirka tengingu lífeyris við laun eftirmanns í eldra kerfi (B-deild LSR)
 - Afnema þarf sjálfvirka launagreiðendaábyrgð
 - Tryggja jafnræði sjóðanna til að takast á við áföll

Lífeyrisréttindin

- **Samræmdan réttindagrunn fyrir alla sjóðina**
- **Ellilífeyrir**
 - Móta þarf stefnu á breiðum grundvelli um það hversu hátt hlutfall fyrri launa samtryggingasjóðir eiga að tryggja sjóðfélögum sínum í ellilífeyrir.
 - Leitast skal við að ná sameiginlegri niðurstöðu varðandi þetta í nefnd sem nú starfar á vegum fjármálaráðherra um málefni lífeyrissjóðanna og í eiga sæti fulltrúar almenna- og opinbera vinnumarkaðarins ásamt stjórnvöldum
 - Aldurstengt réttindakerfi sem tryggir sjálfbærni kynslóðanna
 - Eftirlaunaaldurinn – hver á hann að vera?
 - Aukinn sveigjanleiki
 - Möguleiki á að hefja aftur greiðslur inn í kerfið eftir að taka lífeyris hefst
 - Standa vörð um loforð um áframhaldandi rétt í stigadeildum við yfirfærslu milli starfstengdra lífeyrissjóða
- **Örorkulífeyrir**
 - Áhersla á endurhæfingu verði aukin
 - Stefna að því að áfallalífeyrir/ endurhæfingarlífeyrir í 3-5 ár eftir áfall verði meginregla
 - Kostnaðarskipting milli atvinnurekenda / sjúkrasjóða / TR / lífeyrissjóða
 - Örorkulífeyrir miði áfram við framreikning réttinda en áhersla á endurhæfingu á fyrstu árum örorku verði aukin til muna
 - Hugað sé að því í tryggingarfræðilegu mati að greiðslur lífeyrissjóðanna til starfsendurhæfingarsjóðs munu draga úr örorkubyrði sjóðanna til lengri tíma. Þær eiga því ekki að veikja tryggingafræðilega stöðu og leiða til skerðingar á réttindum

- **Makalífeyrir**
 - Byggja áfram á fjölskyldutryggingu
 - Reglur um skiptingu lífeyrisréttinda milli hjóna verði endurskoðaðar með það að markmiði að sameign hjóna verði meginreglan í kynlausu kerfi
- **Upplýsingar og kynning**
 - Auka frumkvæði sjóðanna í upplýsingagjöf um réttindi og áhrif af flutningi milli starfa (sjóða) á réttindi sjóðfélaga
 - Stéttarfélag hafi stærra hlutverk við að upplýsa félagsmenn um réttindi í lífeyriskerfinu

Stjórnkerfið

- **Jafnræði aðila vinnumarkaðarins í stjórnnum lífeyrissjóðanna – lífeyrismál eru hluti umsaminna kjara**
- **Settar séu gagnsærri reglur um kjör fulltrúaráðs og stjórna**
- **Reglur um kjör fulltrúaráðs og hlutverk þess**
 - Kjör fulltrúaráðs:
 - Fulltrúar séu sjóðfélagar eða greiðendur í sjóðinn. Framboð til fulltrúaráðs sé auglýst hjá stéttarfélagi og kjör fari fram skv. reglugerð ASÍ
 - Kynjahlutfall í stjórnnum sjóðanna endurspegli kynjasamsetningu sjóðfélagahópsins
 - Hlutverk fulltrúaráðs:
 - Kosning stjórnar lífeyrissjóðs
 - Afgreiðsla samþykktu
 - Eftirlit og aðhald með stjórn sjóðsins
 - Fulltrúaráð komi saman a.m.k. 2-3 á ári
 - Haustfundir: Staða og undirbúningur að breytingum á samþykktum
 - Vorfundir: Haldnir í aðdraganda ársfunda lífeyrissjóðanna. Kynntar breytingar á samþykktum og stjórnarkjör
 - Fræðsla fulltrúaráðs:
 - Tryggja almenna þekkingu fulltrúa á málefnum sjóðanna
 - Þekking á forsendum tryggingafræðilegs mats
 - Þekking á valkostum í ávöxtun

- **Reglur um kjör stjórna og hlutverk þeirra**

- Stjórnarkjör:

- Fulltrúaráð kjósi alla fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðs á vorfundi sínum
 - Fulltrúar stéttarféлага kjósi stjórnarmenn launafólks og fulltrúar atvinnurekenda kjósi stjórnarmenn atvinnurekenda
 - Ef fyrir liggur samkomulag milli einstakra starfsgreina um skiptingu stjórnarsæta sé það tilgreint í samþykktum sjóðsins
- Stjórnarmenn eru fulltrúar hagsmuna
- Settar séu stífar hæfisreglur fyrir stjórnarmenn
- Faglegt hæfi stjórnarmanna sé tryggt

- Hlutverk stjórna:

- Stefnumótun
- Eftirlit m. rekstri
- Aðhald með fjárfestingum
- Leggur tillögur fyrir fulltrúaráð um mótun réttinda

- **Ársfundir**

- Atkvæði fulltrúaráðsmanna á ársfundi verði ekki framseljanlegt - Einn maður- eitt atkvæði -
- Við breytingu á samþykktum er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta atkvæða í hvorum hópi fyrir sig svo að samþykkt sé lögmæt

Fjárfestingarstefna

- **Siðferði og samfélagsleg ábyrgð.**

- Sjóðirnir taki upp / setji sér
 - Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (Global compact)
 - Vegvísi OECD fyrir fjölpjóðleg fyrirtæki (Guidelines for Multinational Enterprises)
 - Samskipta og siðareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn þ.m.t. reglur um gjafir og risnu
- Siðanefnd lífeyrissjóðanna komið á fót á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða

- **Lífeyrissjóðirnir séu ábyrgir hluthafar sem fylgja fjárfestingum sínum eftir**

- Sjóðirnir setji sér hluthafastefnu um hvernig þeir hyggjast beita sér sem fjárfestar og fylgja eignum sínum eftir

- Sjóðirnir skipi fulltrúa sína í stjórnir hlutafélaga sem þeir eiga hlut í sé þess kostur og skoði í þeim efnum möguleika á að beita sér sameiginlega með öðrum sjóðum
- Stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóðs skulu ekki sitji í stjórnnum hlutafélaga í umboði hans
- **Aukin áhættudreifing**
 - Hlutdeild erlendra eigna sé a.m.k. 1/3 – 1/2 af eignasafni
 - Hlutabréf verði að hámarki 50% af eignasafni
 - 5% af eignum sé fjárfest í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi
 - Hámarks eignarhlutur hjá einum aðila sé 2,5% af eignarsafni
- **Kynning og upplýsingagjöf**
 - Kynning til sjóðfélaga á fjárfestingarstefnu, valkostum og eignasafni, verði efl

DRÖG